

2010

Þjóðarspegillinn

Afbrot og refsingar

Íslendingar í dómarsæti

Helgi Gunnlaugsson
Snorri Örn Árnason

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Afbrot og refsingar

Íslendingar í dómarsæti

Helgi Gunnlaugsson
Snorri Örn Árnason

Afstaða borgaranna til dómstóla og réttarkerfisins er mikilvæg í lýðræðissamfélagi nútímans enda telja margir að dómur eigi að endurspeglar réttarvitund borgaranna. Rannsóknir hafa sýnt að meirihluti Íslendinga álitur refsingar of vægar hér á landi og hertar refsingar eru ósjaldan réttlættar með vísun í almenningsálit (sjá t.d. Helgi Gunnlaugsson, 2008). Dómur sem ganga í berhögg við siðferðis- og réttlætiskennnd borgaranna geta grafið undan trausti á réttarríkinu og því er brýnt að rannsaka málefnið af kostgæfni. En á hverju byggja viðhorfsmælingar á refsingum? Hver er réttarvitund borgaranna þegar kemur að viðurlögum? Þekkja þeir viðurlögin og beitingu þeirra? Eru borgararnir refsiglaðari en dómstólar?

Í erindinu verður greint frá hluta af stóru norrænu rannsóknarverkefni sem fræðimenn frá öllum Norðurlöndunum fimm taka þátt í. Markmiðið er að rannsaka viðhorf almennings til refsinga út frá ólíkum sjónarhornum. Beitt er mismunandi aðferðum til að öðlast dýpri sýn í réttarvitund borgaranna og kannað hvort hún sé frábrugðin réttarvenjum dómstóla.

Í fyrsta lagi var framkvæmd símakönnun meðal úrtaks borgaranna þar sem spurt er um afstöðu þeirra til nokkurra staðhæfinga um afbrot og refsingar. Í öðru lagi var settur saman hópur starfandi dómara sem úrskurðaði um refsingar í tilteknum afbrotamálum út frá þeim dómavenjum sem hér ríkja. Í þriðja lagi var framkvæmd póstkönnun meðal úrtaks borgara þar sem svarendur taka afstöðu til sömu mála og hópur dómara hafði gert. Í fjórða lagi voru settir saman rýnihópar til að taka fyrir einstök brotamál sambærileg þeim sem dómarahópurinn og póstkönnunin tóku fyrir og niðurstaða hópanna síðan fengin fram.

Í erindinu verður sjónum einkum beint að póstkönnuninni og refsíákvörðunum dómara. Byggt er á úrtaki 3000 Íslendinga á aldrinum 18-74 ára og hópi þriggja dómara við héraðsdómstóla. Spurningalisti var sendur heim til svarenda og voru þeir beðnir um að dæma í sex ólíkum brotamálum út frá sömu atvikalýsingu og dómarnir fengu. Hversu stórt hlutfall svarenda vill dæma viðkomandi brotamann í fangelsi? Hvaða refsingu álíta þeir að íslenskir dómstólar myndu kveða upp? Er munur á afstöðu svarenda eftir kyni og aldri? Hvaða dóma felldu íslensku dómarnir? Er munur á afstöðu almennings og dómara hvað varðar mat á sömu afbrotamálunum? Eru dómstólar mildari en almenningur telur?

Fangelsismál á Íslandi

Eins og kunnugt er hefur álag á fangelsiskerfið á Íslandi vaxið mjög á síðustu árum. Dómum hefur fjölgað og refsilengd þeirra sömuleiðis. Árið 2000 bárust rúmlega 300 óskilorðsbundnar fangelsisrefsingar til fullnustu hjá Fangelsismálastofnun ríkisins en fjöldinn var kominn í á fimmta hundrað árið 2009 (sjá Fangelsismálastofnun ríkisins, 2010). Heildarrefsitíminn hefur jafnframt aukist mjög eða úr rúmlega 200 árum árið 2000 í yfir 300 ár í fangelsi árið 2009. Hlutfall lengri dóma hefur einnig vaxið. Um 12%

dómanna fólu í sér eitt ár eða lengur í fangelsi árið 2000 en hlutfallið var komið í um 16% árið 2008.

Fangelsisrýmum hefur ekki fjölgað í samræmi við þróun dóma og aukna lengd þeirra. Fangelsi landsins eru yfirfull og taka ekki við fleiri füngum að óbreyttu. Biðlisti hefur því myndast og aldrei hafa fleiri beðið eftir fangelsisplássi en árið 2010. Á þriðja hundrað brotamanna biðu eftir því að afplána dóm sinn í fangelsi í fyrra („Skortur á fangelsum“, 2009). Nýja bráðabirgðafangelsið sem opnað var að Bitru í maí 2010 dregur vafalítið úr vexti biðlistans en nær varla að slá á hann. Ljóst er að bráðra úrræða er þörf í fangelsismálum. Ekki síður er brýnt að huga að stefnumótun til lengri tíma hvað varðar þróun ólíkra úrræða til afplánunar dóma, hvort sem er innan eða utan fangelsa. Jafnframt má búast við fjölda dóma er snerta efnahagsbrot á næstu misserum sem líklega eiga enn eftir að þyngra róðurinn í fangelsismálum landsins.

Ástæður fjölgunar dóma eru ýmsar. Fjölgun brota í samfélaginu samkvæmt gögnum lögreglu skýrir aukninguna að einhverju leyti (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Fíkniefnabrotum hefur til að mynda fjölgað mjög á síðustu árum á sama tíma og umfang málanna hefur vaxið. Sömuleiðis hefur kynferðisbrotum fjölgað verulega. Aukin áhersla og frumkvæðisvinna lögreglu í fíkniefnamálum skýrir vafalítið aukninguna að miklu leyti um leið og ljóst er að fíkniefni virðast hafa náð víðtækri útbreiðslu í samfélaginu. Opinber umfjöllun um kynferðisbrot hefur stuðlað að aukinni vitund borgaranna um alvarleika þeirra sem hugsanlega hefur ýtt undir að brotin eru kærð meira en áður. Öðrum ofbeldisbrotum hefur þó ekki fjölgað að sama skapi (Ríkislögreglustjórnin, 2010).

Breytt samsetning fangahópsins sýnir þróunina vel hvað varðar fíkniefni og kynferðisbrot. Árið 2000 sátu um fimm prósent fanga inni fyrir kynferðisbrot en hlutfallið var komið upp í 13 prósent árið 2008. Fíkniefnafüngum fjölgaði mjög á síðasta áratug 20. aldar eða úr 6% árið 1991 í 25% árið 2000 en hlutfallið var í kringum 28% árið 2008 (Gunnlaugsson, í prentun).

Aukning brota samkvæmt gögnum lögreglu skýrir þó ekki þróunina í fangelsismálum nema að hluta til. Öðrum ofbeldismálum en kynferðisbrotum hefur ekki fjölgað með sama hætti. Þrátt fyrir það hefur füngum sem sitja inni fyrir annað ofbeldi en kynferðisbrotum fjölgað verulega. Árið 2000 sátu sjö prósent fanga inni fyrir annað ofbeldi en kynferðisbrot en árið 2008 var hlutfallið komið í 16% (Fangelsismálastofnun, 2010). Skýringin gæti að hluta til legið í alvarlegri ofbeldismálum en áður sem leiða til lengri dóma. Ástæðan gæti einnig legið í breyttri refsipólítík. Gagnrýni á dómstólana fyrir milda dóma ekki síst í ofbeldis- og kynferðisbrotamálum hefur verið hávær (sjá t.d. leiðara Morgunblaðsins, 2007). Kröfur um hertar refsingar hafa verið áberandi og raddir af því tagi heyrst víða. Viðhorfsmælingar sýna að almenningur telur refsingar of vægar sér í lagi hvað varðar kynferðisbrot (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Fátítt er hins vegar að dómstólar séu gagnrýndir fyrir of þunga dóma eins og t.d. fyrir sum fíkniefnabrot þar sem efri rammí refsilöggjafarinnar er iðulega nýttur. Frekar er bent á þungar refsingar í þeim málaflokki til stuðnings því sjónarmiði að þyngra beri refsingar fyrir önnur brot til samræmis (Freyr Ófeigsson, 2007).

Ýmislegt bendir til að dómur í ofbeldis- og kynferðisbrotamálum hafi þyngst á síðustu árum (sjá t.d. Ragnheiður Bragadóttir, 2009; Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, 2003; Svala Ólafsdóttir, 2009). Refsilöggjöfin byður upp á talsvert svigrúm fyrir dómsvaldið til ákvörðunar refsingar og dómur í sumum brotaflokki hafa smám saman verið að þyngjast og því færst upp refsiskalann. Ekki er ósennilegt að kröfur um hertar refsingar frá almenningi, opinberri umfjöllun og jafnvel dómsmálaráðherra (sjá t.d. „Þyngrir dómur“, 2006) hafi haft áhrif á þessa þróun.

Almenningur og ákvörðun refsinga

Í ljósi framangreindrar þróunar um fjölgun fanga og þyngri refsingar á síðustu árum verða spurningar um afstöðu almennings brýnni en ella. Einkennandi fyrir fyrri rannsóknir er að þær mæla öðru fremur almenna tilfinningu borgaranna fyrir dómaframkvæmd (sjá t.d. Helgi Gunnlaugsson, 2008). Yfirleitt er spurt hvort refsingar séu of vægar eða ekki að mati svarenda án frekari skýringa eða upplýsinga. Þekking borgaranna á refsilöggjöfinni hefur minna verið könnuð út frá einstökum brotamálum þar sem helstu upplýsingar um málsatvik og viðurlög liggja fyrir. Breytir aukin upplýsingagjöf um afbrotið og refsingar afstöðu borgaranna til refsinga? Hvaða refsingu telja borgararnir líklegustu refsinguna við íslenska dómstóla þegar þeir hafa svipaðar upplýsingar og dómara yfirleitt hafa? Hvaða refsingu vilja þeir sjálfir sjá? Vilja þeir harðari refsingar en dómstólar úrskurða einsog viðhorfsmælingar sýna iðulega? Hvernig telja þeir að almenningur muni dæma í sömu málum?

Meginspurningin sem svarað verður hér á eftir er hversu hátt hlutfall svarenda í póstkönnuninni vill sjá óskilorðsbundinn fangelsisdóm í málunum sex og hversu margir vilja önnur viðurlög. Er hlutfallið herra í ofbeldismálum en í öðrum málum? Er samræmi milli afstöðu svarenda og dómarahópsins?

Framkvæmd rannsóknarinnar

Í byrjun september árið 2009 var sendur út spurningalisti til 3000 manna úrtaks sem byggði á tilviljunarkenndu úrtaki Íslendinga úr þjóðskrá á aldrinum 18-74 ára. Listinn innihélt lýsingu á sex alvarlegum afbrotum; svokallaðar *vinjettur*. Hverju broti var lýst á tæplega einni blaðsíðu. Hópur íslenskra dómara hafði áður fengið listann í hendur og fellt dóma í málunum sex sem líklegir væru við íslenskan dómstól. Fyrsta málið fól í sér makaofbeldi þar sem konan hlaut meiðsl sem þurftu aðhlynningar við á sjúkrahúsi. Annað málið var smygl á 250 grömmum af heróíni; þriðja rán í verslun þar sem gerandinn ógnaði starfsmanni með hnífi og hafði á brott með sér um tvö hundruð þúsund krónur; fjórða nauðgun á hóteli þar sem aðilar voru saman á námskeiði en þekktust ekki áður; fimmta bankastarfsmaður sem dró sér nokkrar milljónir króna frá eldri viðskiptavini; og sjötta málið fól í sér líkamsárás á götu úti þar sem brotþoli hlaut alvarleg andlitsmeiðsl. Upplýsingar voru með ýmsu móti um bakgrunn aðila. Ýmist voru þeir á sakaskrá eða ekki eða áttu við ýmsan annan vanda að stríða eða ekki. Spurningin er á hvern hátt það hefur áhrif á svarendur eða dómara. Hér verður að mestu leyti gerð grein fyrir heildarniðurstöðum en nánari greining á bakgrunni gerenda bíður betri tíma.


Fyrir hvert mál fylltu svarendur út tiltekið eyðublað þar sem fram komu ólík viðurlög. Svára átti þremur spurningum. Fyrir utan að svara hvaða refsingu svarandinn sjálfur taldi viðeigandi í hverju máli fyrir sig lagði hann mat á hvaða dómur hann teldi líklegastan við íslenskan dómstól og hvaða refsingu hann teldi líklegt að almenningur myndi velja. Fyrir hverja þessara þriggja spurninga mátti merkja við tvær ólíkar tegundir refsinga en einn kross dugði. Í spurningalistanum voru gefnar upplýsingar í stuttu máli um hvað hinar ólíku refsingar fela í sér til að svarendur gætu byggt svör sín á vitneskju um viðurlögin.

Gagnaöflunin stóð yfir í um þrjá mánuði. Tvö áminningarbréf voru send út með nýjum spurningalista til að ýta undir svörum. Svarprósenta endaði í tæplega 37 prósentum sem er í lægra lagi. Erfitt er að meta hvers vegna svörin voru ekki meiri en svarprósenta í póstkönnunum er að öllu jöfnu minni en í símakönnunum. Svörin ættu eigi að síður að endurspegla ólíka þjóðfélagsþópa á viðunandi hátt enda var brottfallið ekki stingandi hátt meðal einstakra hópa.

Hér á eftir verður refsingum í grófum dráttum skipt upp eftir því hvort þær feli í sér óskilorðsbundna fangelsisrefsingu eða viðurlög sem ekki fela í sér frelsissviptingu. Fyrir utan óskilorðsbundna fangelsisrefsingu finnast ýmis önnur viðurlög sem ekki eru frelsissviptandi. Skilorðsbundin refsing, sektir og miskabætur eru allt viðurlög sem boðið er upp á hér á landi. Sáttamiðlun er sömuleiðis tíðkuð í málefnum ungs brotafólks og var því höfð með. Stundum mæla dómstólar með meðferð brotamanns en ekki sem hluta af afplánun dóms. Rafrænt eftirlit finnst á Norðurlöndum en ekki hér á landi. Ákveðið var að hafa rafrænt eftirlit með sem valmöguleika fyrir mat svarenda enda eru viðurlög af því tagi í undirbúningi hér á landi.

Niðurstöður


Eins og fram kemur á mynd 1 telja aðeins 19 prósent svarenda að dómstólar muni kveða upp óskilorðsbundinn fangelsisdóm í tengslum við makaofbeldið. Heldur fleiri eða rúmur þriðjungur vildi sjá refsingu af því tagi og rúm 40% álitu að almenningur myndi dæma viðkomandi brotamann í vist í fangelsi. Flestir svarendur vilja því beita vægari viðurlögum en frelsissviptingu og yfirgnæfandi meirihluti álitur að dómstólar muni gera slíkt hið sama. Svarendur vilja því heldur þyngri dóma en þeir telja að dómstólar myndu ákveða og eru heldur mildari en þeir töldu almenning vera. Ekki kom fram munur á hlutfalli karla og kvenna sem vildu beita óskilorðsbundnu fangelsi, en meiri tilhneiging var hjá yngri aldurshópum að vilja þyngri refsingu en hjá þeim sem eldri eru. Dómarahópurinn felldi til jafns blöndu af óskilorðsbundnum (10 mánaða) og skilorðsbundnum fangelsisdóm (6 mánaða) fyrir brotið. Var þar tekið tillit til annarsvegar refsilækkandi og hinsvegar refsipýngjandi þátta í ólíkum dæmisögum um málið, sem rekja má til þess ef sakborningur hafði fyrri brotasögu að baki. Ef hinn brotlegi hafði áður verið dæmdur vegna áþekkra brota kom það til refsipýngingar í 10 mánuði úr 6 mánuðum ef ekki var um neina slíka sögu að ræða.



Mynd 1. Hlutfall svarenda í póstkönnuninni sem valdi óskilorðsbundna fangelsisvist í tengslum við makaofbeldið


Á mynd 2 kemur fram að tæplega þrjár af hverjum fjórum svarendum töldu að dómstólar muni kveða upp dóm sem felur í sér frelsissviptandi refsingu í málinu sem varðaði fíkniefnasmygl. Heldur færri eða um tveir þriðji hluti svarenda vildi sjá refsingu af því tagi. Færri svarendur vilja því sjá frelsissviptandi refsingu en þeir álíta

að dómstólar muni ákveða í málinu. Lítil munur er á hlutfalli karla og kvenna sem vildi kveða upp fangelsisdóm og aldur hafði ekki heldur afgerandi áhrif á afstöðu til refsingarinnar. Varðandi matið á afstöðu almennings taldi rúmlega 75% svarenda að dómurinn myndi fela í sér óskilorðsbundið fangelsi. Svarendur vilja því í heildina sjá vægari refsingu en dómstólar sem dæmdu óskilorðsbundið fangelsi í öllum tilfellum (til 3ja-5 ára).




Mynd 2. Hlutfall svarenda í póstkönnuninni sem valdi óskilorðsbundna fangelsisvist í tengslum við fíkniefnasmyglið

Eins og fram kemur á mynd 3 töldu tæplega 60% svarenda að dómstólar myndu kveða upp óskilorðsbundinn fangelsisdóm í ráns málinu. Aðeins fleiri, eða rúmlega 60% svarenda, vildu sjálfir sjá dóm af því tagi og yfir 70% töldu almenning sama sinnis. Stór hluti svarenda álitur því að dómstólar séu vægari en þeir eru. Jafnframt kemur fram að mat svarenda á því hvaða refsing er viðeigandi er í heildina vægari en úrskurður dómaraþpanels. Í öllum tilfellum var mat dómaraþpanels óskilorðsbundin fangelsisrefsing eða til 18 mánaða. Fleiri karlar en konur töldu óskilorðsbundið fangelsi hæfilega refsingu í málinu og eftir því sem svarendur voru yngri fjölgaði þeim sem vildu þyngri refsingu.




Mynd 3. Hlutfall svarenda í póstkönnuninni sem valdi óskilorðsbundna fangelsisvist í tengslum við búðarránið

Á mynd 4 kemur fram að tæpur helmingur svarenda áleit að dómstólar myndu dæma viðkomandi brotamann til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar fyrir nauðgun. Mun fleiri, eða rúmlega þrjár af hverjum fjórum, vildu sjá refsingu af því tagi og svipað hlutfall taldi almenning vera sama sinnis. Stærri hluti svarenda vanmetur því refsímat dómstóla en í málunum þremur hér á undan sem úrskurðuðu viðkomandi brotamann í fangelsi í 2 1/2 ár. Það er því ljóst að þó svarendur vilji þyngrri refsingar en þeir telja að dómstólar myndu kveða upp eru þeir í heildina vægari en mat dómaraþópsins. Ekki var munur á hlutfalli milli kynjanna í vali á óskilorðsbundnu fangelsi í málinu, en hlutfallslega fleiri úr yngri aldurshópunum völdu þann dóm en svarendur úr eldri hópum svarenda.




Mynd 4. Hlutfall svarenda í póstkönnuninni sem valdi óskilorðsbundna fangelsisvist í tengslum við nauðgunarmálið

Eins og fram kemur á mynd 5 taldi rúmlega helmingur svarenda að dómstólar myndu dæma viðkomandi í óskilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt í banka. Talsvert fleiri, eða rúmlega 60%, vildu sjálfir sjá refsingu af því tagi og ívið fleiri töldu almenning vera sama sinnis. Svarendur telja sig því heldur refsiglaðari en þeir álíta dómstólana. Dómarahópurinn var þó harðari og úrskurðaði viðkomandi brotamann í öllum tilfellum til 3ja ára fangelsisvistar óskilorðsbundið. Karlar völdu fremur óskilorðsbundinn fangelsisdóm en konur, en ekki er að sjá teljandi mun á afstöðu milli aldurshópa.



Mynd 5. Hlutfall svarenda í póstkönnuninni sem valdi óskilorðsbundna fangelsisvist í tengslum við fjárdrátt í banka

Á mynd 6 kemur fram að helmingur svarenda vildi dæma brotamanninn til vistar í fangelsi en einungis rúmur þriðjungur áleit að dómstólar myndu gera slíkt hið sama í götuofbeldismálinu. Um það bil 60% svarenda áleit að almenningur myndi dæma viðkomandi til fangelsisvistar eða heldur fleiri en vildu gera það sama. Karlar voru heldur refsiglaðari en konur í þessu máli, en ekki kom fram afgerandi munur á afstöðu eftir aldri. Dómarahópurinn komst að þeirri niðurstöðu að brotamaðurinn fengi 3-12 mánaða óskilorðsbundinn fangelsisdóm sem er talsvert þyngra en meirihluti svarenda vildi sjálfur sjá.



Mynd 6. Hlutfall svarenda í póstkönnuninni sem valdi óskilorðsbundna fangelsisvist í tengslum við götuofbeldið

Lokaorð

Viðhorfsmælingar hafa sýnt að Íslendingar telja refsingar dómstóla almennt of vægar (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Í ljósi þess kemur á óvart hversu frábrugðnar niðurstöður þessarar könnunar eru. Í öllum málunum sex vildi meirihluti svarenda sjá mildari refsingu en dómaraþpurinn komst að. Í flestum málunum vilja svarendur sjá harðari refsingu en þeir álíta að dómstólarnir myndu úrskurða. Svarendur vanmeta því refsilyngd dómstóla og á það við í öllum málunum.

Almennt má segja að karlar hafi ríkari tilhneingingu til refsigleði en konur. Einungis í þeim málum sem vörðuðu heimilisofbeldi og nauðgun eru konurnar svipaðar körlunum í mati á þyngd refsinga. Almennt virðist refsigleðin minnka með vaxandi aldri. Það á þó ekki við í öllum tegundum mála, en kom einna skýrast fram í fyrrenfdum dæmum.

Í einungis einu brotamáli vildu svarendur sjá vægari refsingu en þeir álíta að dómstólar myndu gefa. Í fikniefnamálinu álitu tæplega 75% svarenda að dómstólar myndu kveða upp óskilorðsbundinn dóm en innan við 70% svarenda var sjálfur sama sinnis. Refsimat dómstóla í fikniefnamáli er því eina brotið þar sem afstaða svarenda felur í sér vægari dóm en þeir álíta dómstóla munu ákveða.

Önnur athyglisverð niðurstaða birtist í afstöðunni til nauðgunarmálsins. Í samanburði við önnur mál er bilið þar breiðast á milli þeirra sem telja að dómstólar muni dæma viðkomandi í fangelsi og þeirra sem vilja gera slíkt hið sama. Innan við helmingur svarenda taldi að dómstólar myndu dæma óskilorðsbundinn fangelsisdóm í nauðgunarmálinu en 77% vildu sjálfir sjá dóm af því tagi. Svarendur vanmeta því refsilyngd dómstóla í nauðgunarmálinu í meira mæli en þeir gera í öðrum málum. Hugsanlega endurspeglar þetta breiða bil umræðuna í samfélaginu sem iðulega málur þá mynd að dómstólar séu vægir í kynferðisbrotamálum.

Hvers vegna virðist vera svo langt bil milli fyrri viðhorfsmælinga og þessarar könnunar? Ekki er ólíklegt að sú afstaða að dómara séu of vægir feli það í sér að svarendur séu með því að lýsa yfir vanþóknun sinni á afbrotum og hluttekningu með fórnarlömbum (Balvig, 2006). Jafnvel mætti túlka þá afstöðu að dómara séu of harðir sem skýtingarleysi í garð fórnarlamba afbrota. Ljóst er að ekki margir vilja láta túlka

afstöðu sína með þeim hætti. Ef fleiri valmöguleikar væru gefnir upp en vægar eða harðar refsingar gæti afstaðan breyst. Önnur hugsanleg skýring er að borgararnir hafi ekki næga þekkingu á því hvernig dómstólar bregðast við ólíkum málum. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að auknir valmöguleikar fyrir svarendur breyti afstöðu þeirra til refsinga og að þekking borgaranna á refsimati dómstóla sé áfátt. Skýringin á meiri refsigleði í almennum viðhorfsmælingum gæti því verið aðferðafræðileg.

Velta má upp þeirri spurningu í lokin hvort almenningur eigi að hafa áhrif á refsilyngd eða hvort matið eigi eingöngu að liggja hjá löggjafar- og dómsvaldinu þar sem fagleg þekking á málefnum er til staðar. Það má vera en líklegra er að réttaröryggi í samfélaginu aukist eftir því sem réttarríkið nýtur meiri stuðnings borgaranna. Löggjafar- og dómsvald í blóra við borgarana getur vafalítið aldrei hvílt á traustum grunni. Þess vegna er afar brýnt að rannsaka afstöðu almennings til refsinga á sem víðtækastan hátt. Jafnframt er brýnt að uppfærða borgarana um dómvenjur og réttarheimspeki á sama tíma og tekið verði tillit til afstöðu borgaranna.

Heimildir

- Balvig, F. (2006). *Danskernes syn på straf*. København: Advokatsamfundet.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (2010). *Tölfræðilegar upplýsingar um fullnustu refsinga 2000-2008*. Sótt 24. september 2010 af http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/-Tolfradilegar_upplysingar_um_fullnustu_refsinga_fyrir_arin_2000_til_2008.pdf
- Freyr Ófeigsson. (2007). *Hugleiðing um refsiakevarðanir. Greinar, dómstólaráð og bóradómstólarnir*. Sótt 24. september 2010 af <http://www.domstolar.is/greinar-/nr/275/>
- Gunnlaugsson, H. (í prentun). Criminal Punishment in Iceland in the New Millenium. Í H. Kury (ritstjóri), *Crime and Punishment in International Perspective*, bls. 28-42. Bochum: Brockmeyer University Press.
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hæstiréttur og kynferðisbrot. (2007, 15. september). *Morgunblaðið*, bls 28.
- Ragnheiður Bragadóttir. (2009). *Kynferðisbrot: dómabók*. Reykjavík: Codex.
- Ríkislögreglustjórinn. (2010). *Afbrotatölfræði 2008*. Sótt 24. september 2010 af http://www.logreglan.is/rls_afbrot08.html
- Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. (2003). *Ákvörðun refsingar*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.
- Svala Ólafsdóttir. (2009). *Auðgínt er barn í bernsku sinni: afnám fyrningarfrests alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Skortur á fangelsum. (2009, 20. september). Vísir.is. Sótt 17. ágúst 2010 af <http://www.visir.is/article/2009870959678>
- Þyngri dómur fyrir kynferðisbrot. (2006, 14. febrúar). Vísir.is. Sótt 17. ágúst 2010 af <http://www.visir.is/article/200660214023>